

Nd. **1083. Nefndarálit** [306. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. telur að framkomnar upplýsingar sýni að þörf sé endurskoðunar ýmissa laga um skattskyldu innlánsstofnana, ekki síst í ljósi breytinga sem þegar eru orðnar og munu hugsanlega verða á næstu árum.

Stjórnarfrumvarp þetta mun hafa í för með sér lækun á skattgreiðslum banka og annarra innlánsstofnana í ríkissjóð. Frumvarp ríkisstjórnarinnar um gjald af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta mun einnig lækka tekjur ríkissjóðs verulega.

Í ljósi núverandi ástands ríkisfjármála, niðurskurðar á félagslegri þjónustu og áforma um stórauknar lántökur erlendis telur minni hl. fráleitt að skerða tekjur ríkissjóðs með þessum hætti.

Þótt skynsamlegt sé að huga að breytingum á skattalögum vegna bankakerfisins verður það að teljast ábyrgðarleysi og ögrun við fólkið í landinu að láta þær koma til framkvæmda núna.

Minni hl. leggur því til að frv. verði fellt.

Guðrún Agnarsdóttir, þingmaður Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar um þetta mál og er samþykkt álit þessu.

Alþingi, 21. maí 1984.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr., frsm.

Svavar Gestsson.

Kjartan Jóhannsson.